



Undirritaður óskar eftir, fyrir hönd aðalstjórnar Aftureldingar, að hefja formlegar viðræður milli félagsins og Mosfellsbæjar um frekara samstarf um rekstur íþróttamannvirkja að Varmá. Tillaga aðalstjórnar er stofnaður verði starfshópur með fulltrúum frá Aftureldingu og Mosfellsbæ, og eftir atvikum utan að komandi ráðgjöf. Markmið starfshópsins verði að greina og meta þau tækifæri sem felast í auknu samstarfi Mosfellsbæjar og Aftureldingar varðandi rekstur íþróttamannvirkjanna.

Fleiri og fleiri félög hafa farið þessa leið í samstarfi við sveitarfélög á undanförunum árum. Má þar nefna Fram, ÍR, Gróttu, Hauka, Val, Stjörnuna, Selfoss, KA o.fl. Félagið telur mikil sóknarfæri felast í þessu skrefi, ekki síst samhliða frekari uppbyggingu innviða á svæðinu. Tækifæri til að nýta betur fjármuni, efla félagsstarf og -menningu og stórauka þjónustu við félagsfólk.

Ásgeir Jónsson
Formaður Aftureldingar

Mosfellsbær / 22.febrúar
